

Fundargerð 10. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: stofa 138, VRÍI, HÍ.

Tími: 16. apríl 2013 kl. 16:00

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Hrunn Ó. Andradóttir (HÓA) og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og Jónas Elíasson (JE).

Fjarverandi: Dagur Jónsson (DJ).

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda
 2. Dagskrá aðalfundar
 3. Skýrsla stjórnar
 4. Önnur mál
-

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir síðustu tveggja funda voru yfirfarnar og samþykktar.

2. Dagskrá aðalfundar.

HÓA lagði fram drög að dagskrá aðalfundar sem verður haldinn 30 apríl 2013, kl 12:00 – 13:30. Dagskráin var rædd, ákveðin endanlega og samþykkt af fundarmönnum. HÓA mun hafa samband við fundarstjóra og ritara sem hún mun mæla með á aðalfundinum.

Varðandi félagsgjöld, þá mun stjórn bera uppá aðalfundi fyrirtækjaaðild að félaginu. Fyrirtæki geti greitt ársjald í miðað við fjölda starfsmanna í fyrirtækinu.

AI mun ganga úr stjórn, HÓA, DJ og AI munu hafa samband við líklega stjórnarmenn á sviði vatnsveitu í hennar stað.

Boðið verður uppá veitingar á aðalfundinum, AI mun útvega brauðmeti fyrir um að bil 25 manns og HÓA mun útvega drykkjarföng (vatn og kaffi).

HÓA fullgerir auglýsingu um fundinn, AI sendir út fundarboðin til félagsmanna og bætir inn tilmælum um að láta fundarboðin berast víðar og einnig vinsamleg tilmæli um að greiða félagsgjöldin. HÓA mun senda auglýsinguna á VFÍ.

3. Skýrsla stjórnar

HÓA kynnti drög að skýrslu stjórnar sem lögð verður fram á aðalfundinum. Hún var samþykkt með minniháttar breytingum og viðbótum sem unnar verða eftir þennan fund.

4. Önnur mál

4.1 málþing 11.apríl

Haldið var málþing 11. apríl sem fjallaði um veika hlekki í vatnsöflun í Háskólanum í Reykjavík, yfir 80 manns sóttu þingið. Fréttir af málþinginu og fyrirlestrar hafa verið birtir á heimasíðu og facebook síðu félagsins. Unnið er að gerð ágripabókar sem verður gefin út og birt á heimasíðunni. Stefnt er að því að hún verði tilbúin fyrir aðalfundinn.

Fundi var lokið um kl.17:30

Næsti fundur verður aðalfundurinn 30. apríl, klukkan 12:00.

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is